



"Guli liturinn verður að skína á ný"

Erindi Carlos Alberto Parreira landsliðsþjálfara Brasilíu í Porto 1994

Brasíla, HM '94

Sjaldan hefur andrúmsloftið verið jafn hlaðið spennu. Þegar Carlos Alberto Parreira hóf erindi sitt mátti heyrast saumnál detta í áheyrendasalnum. Í fullar 60 mínútur lagði hann öll spil á borðið fyrir 200 þjálfara frá 46 þjóðum sem voru heillaðir af listilega fram settu máli. Sannfæringarkraftur hans var mikill og orð hans áttu greiða leið að öllum viðstöddum. Hann ræddi um hefðir og kröfur, sigra og töp, kenningar og trú en þó fyrst og síðast um starf sitt með landsliðinu fyrir og í heimsmeistarakeppninni. Hann sagði m.a.

- * Guli liturinn verður að skína á ný.
- * Liðið verður að vera ein heild innan vallar og utan
- * Ekki skal ræða um peninga fyrir eða í keppni. Hvorki um bónusa né prósentur. Það fá allir tækifæri til að sanna sig eftir keppnina.
- * Enginn fréttamaður, ening eiginkona, engin börn og engir framkvæmdastjórar máttu koma inn í höfuðstöðvar liðsins
- * Þegar boltinn tapast taka allir leikmenn sína varnarstöðu
- * Engin mistök eru leyfð í dekkun og völdun, hámarks einbeitingar er krafist
- * Annað sætið er ekkert, fyrsta sætið allt

Undirbúningur

1. Markmið
2. Goðsögnin
3. Leikstíll
 - * svæðisvörn
 - * flöt 4 manna vörn
 - * halda boltanum
4. Hinn mikilfenglegi brasilíski leikstíll
5. Nauðsyn þess að vinna utan vallar
6. Vinna fyrir undirbúninginn
 - * innra skipulag
7. Máttur hópsins
8. Samskipti við fjölmiðla
9. Kröfur
 - * engin mistök
 - * hámarksárangur
10. Hugmyndafræði



Stíll

"Skröltormurinn": margar sendingar til að dáleiða (svæfa) andstæðinginn

- * hraða- og taktbreytingar
- * hæg uppbygging og hraður endir
- * hraður einnar snertingar-bolti
- * hárnákvæmar sendingar
- * krosssendingar og krosshlaup
- * mjög fjölbreytt tækni
- * langskot
- * mjög gott vald á líkamanum þegar bolta er skýlt
- * frábær sköpunargáfa
- * snögg hugsun og framkvæmd

Morgunæfing:

500 m. hlaup - 500 m. skokk

1.000 " 1.000 "

1.500 " 1.500 "

2.000 " 2.000 "

1.500 " 1.500 "

1.000 " 1.000 "

500 " 500 "

Brasilía fékk á sig 6 skot að meðaltali í leik

Brasilía skaut 19 skotum að meðaltali í leik (þar af hittu 9 markið)

Brasilía braut 14 sinnum af sér að meðaltali í leik

Brasilía átti 11 fyrirgjafir að meðaltali í leik

Brasilía vann boltann 77 sinnum að meðaltali í leik

Parreira byggði sannfæringu sína á mjög traustum grunni. Hann sigldi á móti straumnum, móti gegndarlausri gagnrýni fjölmiðla, gegn Pele og gegn meirihluta brasilísku þjóðarinnar. Í ótal samtölum hafði hann sannfært leikmenn sína, hafði gróðursett goðsögnina um gulu treyjuna og þýðingu heimsmeistaratigninnar fyrir Brasilíu inn í höfuðið á þeim og hafði sáð í frjóan svörð. Brasilísku súperstjörnurnar stóðu allir sem einn að baki aðferð hans og hugmyndum og léku fyrir þjálfara sinn, landið sitt og fyrir frægð og orðstír gulu treyjunnar.

Hönd í hönd leiddust þeir inn á völlinn fyrir hvern einasta leik og lögðu allt undir. Og meira að segja forni illindi á milli Romario og Bebeto hurfu eins og döggi fyrir sólu og breyttust í einstaka samvinnu, liðinu öllu í hag. Annað sætið er ekkert, sigur er allt. Þetta hafði Parreira hamrað inn leikmenn sína og þeir léku samkvæmt því. Hvers konar persónulegir hagsmunir voru lagðir til hliðar fyrir og í keppninni og að engu gerðir.

Parreira þjálfara hafði með einstökum sannfæringarkrafti tekist allt.

Brasilíska liðið lék skynsamlega, með evrópskum aga, lék heillandi knattspyrnu með hjartanu og af einlægni. Og þeir léku af list. Þjálfararnir í Porto risu úr sætum og óskuðu Parreira til hamingju með titilinn með dýnjandi lófataki.